

Fréttabréf Grunnskólans Hofsósi

23. febrúar 2017

Ágætu foreldrar/forráðamenn.

Nú eru nemendur í hestavalgreininni okkar búnir að vera alla vikuna á Hólum á hestadögum, alls voru 15 nemendur frá okkur, frábær þátttaka og gaman að sjá þennan mikla áhuga á hestamennsku. Á meðan var fámennnt en góðmennt hjá okkur í skólanum.

Starfið framundan:

Öskudagur

Miðvikudaginn 1. mars er öskudagur og þá brjótum við upp skólastarfið að vanda. Nemendur mæta í skólann á venjulegum tíma, uppáklæddir í hina ýmsu búninga. Tímanum fram að morgunmat verður varið í að mála þá sem þess þurfa og æfa söng. Eftir morgunmat eru fyrirtækin í staðnum heimsótt þar sem ævinlega er tekið á móti okkur með einhverjum kræsingum. Skóla lýkur svo um kl. 12 og er hádegismatur fyrir þá sem eru í mötuneytinu þann dag en strax í kjölfarið verður grímuball fyrir 1. – 10. bekk.

Grímuball

Grímuball fyrir 1.- 10. bekk frá öllum starfsstöðvum og leikskólabörn verður miðvikudaginn 1. mars, öskudag, frá kl. 13:00 - 15:00. Þar sem ballið er innan venjulegs skólatíma, er skólaakstur heim eftir ballið.

Vetrarfrí

Fimmtudag og föstudag 2. og 3. mars er vetrarfrí í skólanum.

Samræmd próf

Dagana 7. – 9. mars munu nemendur okkar í 9. og 10. bekk fara í samræmd próf. Prófin eru að færast frá hausti í 10. bekk til vors í 9. bekk. Þetta í fyrsta skipti sem 9. bekkur tekur þessi próf, en venjan er að nemendur taki prófin í 10. bekk. Prófin verða betur auglýst þegar nær dregur.

Starfsfólk Grunnskólans austan Vatna, Hofsósi